

Kæru útskriftanemar, starfsfólk skólans og aðstandendur, innilega til hamingju með daginn.

Ég man vel eftir því þegar að ég hóf nám mitt hér í FSN, það var vottur af stressi að fara úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla, með miklu fleiri kennara og nemendur sem maður þekkti ekki. En það var fljótt að breytast og voru allir orðnir vinamargir á skömmum tíma. Stuttu seinna vorum við busuð. Dagur sem ég mun aldrei gleyma því að þar smakkaði ég mysu í fyrsta og síðasta skiptið, ég vakna stundum í svitakófi með mysubragð uppí mér.

Ég innritaðist á félagsfræðibraut í þessum frábæra skóla okkar. Ég var þessi týpíski gaur, fór aðeins í skóla fyrir mömmu og pabba. Ég hætti fljótlega í skólanum og fór að vinna því að metnaðurinn fór dvínandi en sem betur fer fann ég þó metnaðinn aftur ,greip hann á lofti og innritaðist aftur í fsn fullur eldmóðs.

Ég átti alltaf erfitt með stærðfræði og fékk metna discalculiu (talnablinda) frá borgarholtsskóla. Eftir það gat loksins verið ánægður með einkannirnar mínar. Auk þess stóð Hrafnhildur skólameistari við bakið á mér eins og klettur og hafði gert það alveg síðan í grunnskóla og á ég henni mikið að þakka fyrir framistöðu mína í menntun.

Eftir útskrift þá var ég enn ekki búinn að ákveða framhaldið, þannig að ég fór sem lausamaður á sjó og svo í slysavarnaskólann til þess að losna undan undanþágu og geta unnið á sjó. Dag einn var ég upp í fjárhúsum, þar kviknaði áhuginn á rafvirkjun, rafvirkinn sem lagði rafmagnið í fjárhúsin hafði ekki enn lagt ljósarofa heldur voru ljósin tengd kapli með kló á endanum og þurftum við að labba inn og þreyfa fyrir okkur, finna kapalinn og stinga í samband. Ég hugsaði að kannski gæti ég lært þetta og komið fyrir ljósarofa áður en að rafvirkinn mætti. Og vitir menn, því náði ég.

Haustið 2013 flutti ég til hveragerðis og byrjaði nám í rafvirkjun við fjölbrautaskólann í breiðholti. En í rafvirkjun er svakalega mikil stærðfræði og formúlur, en í FB náði ég að klára framhaldsskóla stærðfræði, ætli að það hafi ekki verið vegna brennandi áhuga á náminu sem ég náði að rúllað í gegnum þetta með glæsibrag, þarna áttaði ég mig á því að ég var ekki með talnablindu heldur talnaleti. Eftir þetta nám hélt ég út á vinnumarkaðinn sem rafvirki, kláraði sveinspróf og nokkrum árum síðar fór ég í meistaraskólann og útskrifaðist þaðan um síðustu helgi sem iðnmeistari í rafvirkjun. Og ennþá í dag er rafvirkinn ekki mættur í fjárhúsin.

Skömmu áður en ég fluttist til Hveragerðist kynntist ég eiginkonu minni sem stóð fast við bakið á mér í gegnum mína menntun líkt og ég gerði í gegnum hennar hennar menntun. En hún er menntaður hjúkrunarfræðingur. Við höfum skipst á að mennta okkur en hvað tekur svo við leiðir tíminn í ljós.

Að stunda nám í skóla eins og FSN eru forréttindi, hér kynnumst við krökkum allsstaðar af nesinu og ræktum vináttu sem á eftir að endast til frambúðar. FSN er frekar lítill skóli og tenging við kennara og starfsfólk verður sterkari og nánari heldur en í stærri skólum, það er alveg ómetanlegt.

Að lokum kæru nýstúdentar ekki gleyma því að þið getið allt sem þið takið ykkur fyrir hendur, fyrst ég gat klárað mitt nám þá er það ekki spurning að þið getið klárað ykkar framtíðarnám sama hvað það nám er, enda eru þið búin að sanna það hér hversu mögnuð þið eruð. Eina sem getur stöðvar ykkur er ykkar eigið hugarfar.

Ég á erfitt með að ýminda mér hvað þið hafið þurft að ganga í gegnum síðastliðin 2 ár í gegnum covid og öll þessi höft, enda er félagshliðin í framhaldsskólanámi ekki bara skemmtileg heldur nauðsynleg. Hér erum við ennþá að vaxa og dafna sem einstaklingar.

Þannig að ég byð ykkur um að skemmta ykkur fallega núna um helgina og enn og aftur kærri nýstúdentar innilega til hamingju með daginn.